

Umsögn um “bætt skattskil”, þskj. 51/141

Hvað þarf að gera:

- Setja í lög að allir reikningar skulu vera rafrænir og tengja greiðslu við færslur á bankareikningi.
- Tengja greiðslu virðisauka við greiðslu reiknings, ríkið fær þá virðisaukann strax og fyrirtæki þurfa ekki að standa skil á virðisauka fyrr en reikningurinn er greiddur.
- Tengja greiðslu launa við rafrænan reikning og láta greiðslukerfi standa skil á launatengdum gjöldum samhliða útborgun til launþega.

Ávinningur:

- Ekki lengur hægt að greiða laun nema standa skil á launatengdum gjöldum um leið.
- Bætt skil á virðisauka því hann greiðist beint til ríkis um leið og reikningur er greiddur.
- Skilvirkni þjóðfélagsins eykst, því minna fé þarf að nota í umsýslu reikninga og bókhald og því hægt að sinna arðbærari störfum í staðinn
- Skilvirkara skatteftirlit því allar tekjur og öll gjöld eru sýnileg í gegnum rafræna reikninga.
- Styður við sprotafyrirtæki því
 - þau þurfa ekki að standa skil á virðisauka, oft erfitt fyrir lítil fyrirtæki þegar kaupandi dregur að borga reikning en þurfa samt að skila reiknuðum virðisauka.
 - færsla bókhalds verður afskaplega einföld þegar allir reikningar berast rafrænt,

Reykjavík, 13. Nóvember, 2012

Bergur Ragnarsson,

- áhugamaður um skilvirkara þjóðfélag

bergur@r2.is